

Fundargerð 122. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn, 29. 11 2016, kl. 08:30.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Halldór Halldórsson og Sævar Skaptason. Anna G. Sverrisdóttir boðaði forföll

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Hjörleifur Finnsson.

Dagskrá

1. Fundargerð 121. fundar.

- a. Athugasemdir bárust frá Önnu vegna fundargerðar 121 og vegna fjarveru hennar var hún því ekki samþykkt.

2. Yfirferð umsókna. Matsblöð í eftirfarandi málum lögð fram;

- 1610082 Skógræktarfélag Reykjavíkur
- 1610083 Skógræktarfélag Reykjavíkur
- 1610084 Hafnarfjarðarbær
- 1610085 Gamli bærinn í Múlakoti
- 1610086 Guðrún Tryggvadóttir
- 1610105 Lágafellssókn
- 1610106 Gunnarsstofnun
- 1611002 Reykjanesbær
- 1611016 Langanesbyggð
- 1611018 Breiðdalssetur ses
- 1611019 Seyðisfjarðarkaupstaður
- 1611021 Reykjanesbær
- 1611022 Reykjanesbær
- 1611023 Garðabær
- 1611025 Dalvíkurbyggð
- 1611035 Snorrastofa í Reykholti
- 1611036 Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- 1611039 Hofskirkja
- 1611040 Húnavatnshreppur
- 1611043 Reykhólahreppur
- 1611044 Borgarsögusafn Reykjavíkur (Halldór Halldórsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls).

3. Önnur mál

- a. Lýsing á málinu: Halldór ræddi um að yfirferð umsókna gengur hægt fyrir sig og hvað möguleikar væru í boði til að flýta fyrir afgreiðslu þeirra. Rætt var þann möguleika að gott væri að bæta fundarboðin til að flýta fyrir vinnslu styrkja.

Niðurstaða: Fundarboðin vera bætt þannig að starfsmenn FMS sem gera matsblöðin sendi stjórn yfirlit yfir þau mál sem tekin eru á hverjum fundi þar sem greint er frá því hvort málin hljóti einkunn eða ekki og hvaða. Þetta mun flýta fyrir yfirferð mála þannig að stjórnarmenn þurfa þá að samþykka þau matsblöð sem gerð hafa verið, en ef það eru athugasemdir eða stjórn ekki samþykk því sem greint er frá í matsblöðunum eða þeirri einkunn sem umsókninni er gefið þá verður málið tekið sérstaklega fyrir á stjórnarfundunum.

- b. Lýsing á málinu: Þann 10. nóvember barst Ferðamálastofu tölvupóstur þar sem óskað var eftir því að Ferðamálastofa og Framkvæmdasjóður ferðamannastaða tilnefni fulltrúa til að koma að vinnu, sem hófst nú í haust, á vegum Umhverfisstofnunar með stuðningi Stjórnstöðvar Ferðamála. Vinnan felst í því að búa til verkfæri sem hægt væri að nota til ástandsgreiningar ferðamannastaða á Íslandi. Markmiðið er að hanna einfalt en jafnframt skilvirkt verkfæri til þess að ástandsgreina ferðamannastaði, meta með samanburði milli ára þróun þeirra, bera saman mismunandi svæði og einfalda val á úrbótum sem fara þarf í. Hjörleifur Finnsson hefur komið að undirbúningi þessa verkefnis. Fyrsti fundurinn verður haldinn 15. desember.

Niðurstaða: Albína telur að stjórn framkvæmdasjóðsins hafi ekki erindi á þennan fund þar sem vinnan tengist ekki beint sjóðnum, en óskar hins vegar eftir því að stjórnin verði upplýst um stöðu mála.


Næstu fundir

- 123. fundur 06. desember kl. 8:30
- 124. fundur 13. desember kl. 8:30
- 125. fundur 20. desember kl. 8:30

Fundi slitið kl. 11:00

Fundargerð ritaði : Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur FMS.

Undirskriftir stjórnarmanna



Albína
Svein
Haukur